



Fornleifakönnun vegna vegagerðar í botni Hrútafjarðar



Stekkjartóft í landi Staðar.

Ljósmynd: B.Z

**Guðný Zoëga,
Sigríður Sigurðardóttir**
febrúar 2006

2006/48



© Guðný Zoëga, Sigríður Sigurðardóttir
Byggðasafn Skagfirðinga
Sauðárkróki
2006/48

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	I
INNGANGUR	1
STAÐUR 144048 – 5	1
ÁGRIP AF SÖGU.....	1
NÁTTÚRUFAR OG JARÐABÆTUR	2
STAÐHÆTTIR	4
RANNSÓKN 2006	5
NIÐURSTÖÐUR	8
HEIMILDASKRÁ	10

Fylgiskjöl: Hnitalisti, sniðteikning

Inngangur

Vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda fyrir botni Hrútafjarðar gerði Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga fornleifaskráningu¹ fyrir svæðið að beiðni Vegagerðar ríkisins. Í framhaldi af þeirri skráningu gerði Fornleifavernd ríkisins kröfu um að tekinn yrði könnunarskurður í uppgróinni tóft í landi Staðar sem kemur til með að verða fyrir raski af völdum framkvæmdanna. Vegagerðin fór þess á leit við Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga að hún tæki að sér verkið og fór uppgröftur fram 2. febrúar 2006. Verkinu var stýrt af Guðnýju Zoëga fornleifafræðingi en einnig kom að uppgreftrinum Guðmundur St. Sigurðarson fornleifafræðinemi og Bryndís Zoëga landfræðingur. Sögukafla skýrslunnar vann Sigríður Sigurðardóttir, sagnfræðingur. Sérstakar þakkir fær heimildamaður okkar Eiríkur Gíslason á Stað en hann veitti einnig góðfúslegt leyfi fyrir uppgreftrinum fyrir hönd landeigenda.

Staður 144048 – 5

Ágrip af sögu

Jörðin Staður var í landnámi Bálka Blængssonar sem nam Hrútafjörð allan og bjó að „Bálkastöðum hvárumtveggjum, en síðast á Bæ ok dó þar“². Staður var þing- og kirkjustaður og stórbýli frá fornu fari. Kirkjunnar er getið í máldaga Auðuns rauða Þorbergssonar frá 1318 og segir þar hvernig kirkjan eignaðist jörðina að hluta. Staður varð prestsetur (beneficum) líklega um aldamótin 1300. Í *Prestatali* er Hrafn prestur, sem fékk Staðarprestakall 1354³, fyrsti nafngreindi presturinn sem þar bjó.

Staðarkirkja var vel stæð. Stuttu eftir siðbreytinguna, árið 1569, átti hún „halfa jord j Balkastadi l(andskyll) x aurar. Fogrubrecku (i) eydi. x maln(ytu) kug(illdi).j gielldfiarhundrat og eirn hundradzhest. presttiund viij aurar og iiij alner“⁴. Fátt er vitað um stærð jarðarinnar fyrr en 1705 að þeir Stígur Thorvarðsson og Hálfðan Helgason votta í *Jarðabók* að jarðadýrleikinn sé „óviss, því að þetta beneficium hefur, so vel sem öll önnur, ótiundað verið um aldur og æfi, það lengst menn hafa spurn af, eftir feðra og forfeðra tilsögn“⁵. Þeir hafa það eftir öðrum mönnum að jörðin hafi verið skattlögð fyrir 90 eða 100 hundruð nokkrum árum áður. Fjögur eða fimm kúgildi fylgdu heimastaðnum, sem staðarhaldarinn naut, sem hann ábyrgðist og sá um viðhald húsa. Búfénaður á Stað þetta ár voru: þrjá kýr og einn kálfur, níutíu ær, þrír tveggjavetra sauðir og tuttugu og fimm veturgamlir, tólf lömb, fimm hestar og tvö ótamin hross. Heimilisfast fólk var níu manns og þar af niðursetningur árið um kring. Ekki er getið um heyfeng eða beit á heimajörðinni en flóð í Hrútafjarðará og Síká spilltu oft Staðarengjum og ef vatnsbólið þraut á vetrum, sem stundum gerðist, var erfitt um vik að ná í vatn⁶. Í sögum Sturlunga

¹ Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í botni Hrútafjarðar*, 2005.

² *Íslendinga sögur*. Fyrsta bindi. Bls. 119.

³ *Prestatali*. Bls. 215.

⁴ *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar*. Bls. 278.

⁵ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Bls. 9.

⁶ Sama heimild. Bls. 10.

kemur aftur og aftur fyrir að menn tefjast á ferð um Hrútafjörð vegna flóða og leysinga þegar vaðlarnir verða ófærir og er ljóst af þeim frásögnum að láglendið (engin) við botn Hrútafjarðar hefur verið mikill farartálmi og of votlent til að menn leggðu á það til yfirferðar, a.m.k. reiðmenn⁷.

Í *Jarðabókinni* eru nefndar tvær hjáleigur frá Stað árið 1705. Önnur var Flatarkot sem var nýbyggð upp þá. Ekki komust menn að því hver leigan var það árið en áður hafði hún verið 60 álnir og „betöluðust í smjöri heim til staðarhaldarans, so lengi sem byggíngin viðhjelst á hjá leigunni, í tíð sál. Sr. Einars og síðan þegar bygt hefur verið“⁸, en staðarhaldarinn sá leiguliða sínum um trjávið til húsaviðgerða. Hin hjáleigan var Skotingeifla „bygð úr Staðar fjárhúsum í manna minni; þar hafði áður forn hjáleiga verið en legið í auðn um lánga stund, þegar sál. Sr. Einar bygði það úr eyði. Nú hefur það í næstu 8 eður 10 ár í auðn legið“⁹. Leigan sem var 50 álnir var einnig goldin í smjöri, heim til staðarhaldarans.

Árið 1847 er Staður metin á 50 hundruð. Kúgildin voru 5,5 og þar bjuggu þá presturinn og með honum einn leiguliði¹⁰. Árið 1861 jörðin endurmetin á 29,9 hundruð¹¹.

Núverandi kirkja að Stað er byggð 1884. Höfuðsmiður hennar var Stefán Stefánsson frá Hvítadal. Árið 1885 var prestsetrið lagt niður og Staðarsókn lögð til Prestbakka¹² í Strandasýslu, en fremstu bæir í Hrútafirði höfðu verið sameinaðir undir Staðarsókn frá 1756¹³. Prófastur Strandaprófastsdæmis fékk Stað til afnota árið 1904 og hélst sú skipan til 1920 er hann var aftur fluttur að Prestbakka¹⁴.

Staður var löngum áfangastaður ferðalanga um Holtavörðuheidi og viðkomustaður landpóstanna. Árið 1878 var Staður í Hrútafirði tekinn í póstferðaáætlun í stað Mela¹⁵. Þar mættust um 50 ára skeið póstarnir frá Akureyri og Reykjavík¹⁶ og er bílferðir hófust og vöruflutningar jukust um heidina var sett þar upp þjónustumiðstöð fyrir ferðalanga, sem enn starfar. Staðarskáli, sem svo er kallaður, er í dag þekktasti viðkomustaður fólks á ferð norður, suður, vestur og austur, á landinu.

Náttúrufar og jarðabætur

Staður átti afrétt í vestanverðu Sléttafelli á móts við Gilsbakkakirkju að sunnan og Staðarbakkakirkju að austan og norðan¹⁷. Svokallaður Bálkastaðaspotti var norðan landamerka til Brennkvíslar. Þar fyrir sunnan átti „Staðarkirkja fellið og hagann

⁷ *Sturlunga saga* II. Bls. 42, 43, 46, 284.

⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Bls. 11.

⁹ Sama heimild. Bls. 10.

¹⁰ J. Johnsen. *Jarðatal á Ísland*. Bls. 222.

¹¹ *Ný Jarðabók fyrir Ísland*. Bls. 98.

¹² *Prestatal*. Bls. 215.

¹³ *Annálar 1400-1800*. Sjötta bindi. Bls. 105.

¹⁴ Þorsteinn Jóseppson, Steindór Steindórsson. *Landið þitt Ísland S-T*. Bls. 163.

¹⁵ *Söguþættir landpóstanna*. II. Bls. 376.

¹⁶ Sama heimild. Bls. 357.

¹⁷ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Bls. 10.

suðureftir so langt sem Síká fellur fyrir vestan; en deilur hafa hjer um verið milli Staðarbakka og Staðar presta“¹⁸ segja Jarðabókaritarar. Og halda áfram: „það frambæra menn til líkinda um Staðarkirkju rjett yfir högunum í vestanverðu Sljettafelli, að þar heiti ennnú í dag Staðarkvísl, og við þá kvíslina sjáist seltóftir, sem allir menn eignu Staðarkirkju“¹⁹. Hlunnindi jarðarinnar fólust í: bjarglegri torfristu og – stungu, en engin var reiðingsristan, móskurður var einhver til eldiviðar „og hafa að fornu brúkast, til hvörs að torfgrafir eru vitni!“²⁰ eins og þar segir, sömuleiðis var hrísrif til eldiviðar tækt fyrir 1705 en þá töldu menn það „nú eytt vera“, lax- og silungsveiði hafi verið fyrr á tímum en hafði brugðist í nokkur ár og grastekja hafði eyðilagst er „Hekla brann síðast, og vænta menn þó, að sú guðs blessuan muni upp aftur vaxa“²¹ segja þeir Stígur og Hálfðan 1705. Þeir segja einnig að kirkjan eigi reka fyrir ýmsum jörðum í Hrútafirði og annarsstaðar en geta ekki um hvar. Í Höskuldsstaðaannál kemur hins vegar fram að ein þeirra var Bessastaðir, en þar rak hval árið 1763 sem presturinn á Stað fékk fjórða part af²².

¹⁸ *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Bls. 10.

¹⁹ Sama heimild.

²⁰ Sama heimild.

²¹ Sama heimild.

²² *Annálar 1400-1800*. Fjórða bindi. Bls. 515.

Staðhættir




Tóft í hvammi við Smáragil. Ljósm. GZ

Jarðsokkin tóft (144048 5- 1 í fornleifaskrá²³) liggur í aflíðandi brekku í hvammi norðan til í svokölluðu Smáragili, um 500m nnv af Staðarskála og um 90m austur og upp frá Hrútafjarðará. Líklega er um stekk eða einhverskonar gripheldi/rétt að ræða. Fast sunnan suðurlangveggjar tóftarinnar verður brekkan nokkuð brattari til suðurs niður frá veggnum að læk sem rennur í gegn um gilið. Tóftin er tvískipt stærra hólf um 13 x 9m að utanmáli og liggur austur-vestur í hvamminum meðfram brekkubrúninni. Norðvestan til í þeirri tóft er svo smærri lambakró eða dilkur, um 2x4m að innanmáli og hefur verið innangengt á milli tóftanna. Stekkurinn hefur verið að nokkru leyti grafin inn í brekkuna í hvamminum. Á yfirborði eru veggir um 2m að breidd, grónir og að hluta til jarðsokknir. Ekkert grjótt sést í veggjum á yfirborði. Eiríkur Gíslason á Stað kannast við að hafa heyrt sögur af húsmanni sem fékk þarna aðstöðu fyrir skepnur einhvern tímann á síðari hluta 19. aldar en annars eru engar heimildir til um tóftina.

²³ Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í botni Hrútafjarðar*, 2005, bls. 12.

Rannsókn 2006



Yfirlitsteikning af tóftinni og staðsetning könnunarskurðar

Uppgröfturinn fór fram í byrjun febrúar. Frost var í jörðu, sérstaklega inni í tóftinni þar sem að safnast vatn. Stekkurinn stendur annars á nokkuð þurrum bala inni í hvamminum en neðan (vestan) hans er mýrlent. Stekkurinn var mældur upp með nákvæmari hætti en mælingar sem teknar voru við fornleifaskráninguna þar sem að gróður lá allur niðri og útlínur tóftarinnar á yfirborði því greinilegri. Einnig voru teknar mælingar yfir alla tóftina þannig að hægt verði að endurgera hana í þrívídd ef þurfa þykir.

Grafið var í suður langvegg tóftarinnar þar sem áætlað var að helst væri að finna gjóskulög sem kynnu að liggja upp að veggjunum. Skurðurinn var 3,50m að lengd og 80 cm að breidd, tekinn í gegn um vegginn eins og hann leit út á yfirborðinu og út fyrir hann til suðurs, að brekkubrúninni sunnan við. Hann var einnig tekinn um 1 metra inn í tóftina til að greina hvort þar væri að finna einhver góflög.

Jarðvegur var nokkuð djúpur en um 30cm voru frá yfirborði og að hinum eiginlega vegg stekkjarins. Komið var niður á einfalda grjótröð sem afmarkaði innbrún veggjarins. Steinarnir voru mjög stórir og því voru þeir ekki fjarlægðir úr sniðinu heldur var sniðið teiknað sitt hvoru megin við steinaröðina.

Norðan steinaraðarinnar var sniðið um 1m að lengd og um 1,2m að dýpt en þar var komið niður á náttúrulegt malarlag. Greinilegt er að vatn hefur runnið oftar en einu sinni um svæðið til forna en til merkis um það voru nokkur sandlög og sandlinsur í jarðveginum. Auk þess er náttúrulegur jarðvegur neðanvert í skurðinum nokkuð rauðleitur og lífrænn sem bendir til að áður hafi þarna verið votlent.



Jarðlög í sniði norðan steinaraðarinnar. Ljós. GZ.

Teiknað var upp austursnið skurðarins báðum megin steinaraðarinnar en einnig var teiknað upp norður skammhlið

skurðarins þar sem að greinileg er afstaða eina gjóskulagsins sem fannst við uppgröftinn.

Í norður skammsniðinu mátti greina óhreyft gjóskulag, svart grófkorna lag um 0,5-1cm að þykkt. Neðan þess var um 7cm af fokmold niður að dökkleitu lífrænu lagi, líklega gömluyfirborðslagi sem greinilegt var í öllum skurðinum. Neðan þess var svo rauðleitt jarðlag með dökkum flekkjum, líklega leifar af mýrarjarðvegi. Það lag lá svo niður að grófu malarlagi sem lá neðst í öllum skurðinum. Ofan dökku gjóskunnar var svo 2cm þykkt fokmoldarlag og ofan þess grátt sandlag um 3cm að þykkt. Ofan þess var svo nokkuð einsleitt moldarlag sem þó var greinilega rótað þar sem í því voru nokkrir flekkir af svörtu gjóskunni og rauðleitum mýrarjarðvegi. Efst í sniðinu virðist svo vera lag af einsleitri fokmold og er það lag þynnst austast en þykkar eftir því sem vestar dregur.

Í austursniðinu norðan steinaraðarinnar mátti sjá sömu jarðlög og í skammsniðinu á um 20cm kafla nyrst í sniðinu. Í suðurhluta sniðsins virðist hinsvegar hafa verið mokað niður




Jarðlöa í sniði sunnan steinaraðarinnar. Liósm. GZ.

fyrir gráa sandlagið og gjóskuna en ekki hefur verið grafið niður fyrir dökka yfirborðslagið og liggur það óhreyft eftir endilöngu sniðinu. Ofan þess er rótað moldarlag, nokkuð einsleitt en í því linsur af dökku gjóskunni og gráa sandlaginu auk flekkja úr rauðleita mýrarjarðveginum. Engar leifar fundust af neinskonar gólflagi og ekki voru merki um kol, ösku eða annað sem bent gæti til búsetu manna á staðnum. Syðst í sniðinu var svo áðurnefnd grjótröð sem afmarkað hefur vegginn innanverðan. Ofan

grjótraðarinnar er um 20cm þykkt rótað torflag sem liggur á um 30cm kafla yfir rótaða moldarlaginu í nyrðra sniðinu og undir grasrótinni.

Austursnið skurðarins sunnan steinaraðarinnar var 2,3m langt. Neðst í skurðinum á um 1,2m dýpi lá gróft malarlag en ofan þess rauð- og dökkleitur mýrarjarðvegur líkt og í norðurhluta skurðarins. Ofan þessa lags lá svo dökkleita yfirborðslagið. Í suðurskammhlið skurðarins kom fram svipuð röð jarðlaga og norðan til. Þar liggur svarta gjóskulagið óhreyft, neðan þess dökka yfirborðslagið en ekki er hægt að greina gráa sandlagið ofan þess. Syðst í austursniði skurðarins eru jarðlögin einnig eins en þar er liggur gjóskan óhreyfð á um 25cm kafla. Hún er þó nokkuð þynnri og slitróttari en í enda skurðarins. Ofan gjóskunnar liggur svo fokmold og ekki hægt að greina í henni nein merki mannvistar. Gjóskan hverfur snögglega og hefur greinilega verið grafin í sundur á kafla en ekki hefur verið grafið niður fyrir dökka yfirborðslagið fyrr en fyrir miðju sniðsins hefur verið skorið í gegn um það, líklega þegar að torf var skorið til að nota í vegginn.



Austursnið könnunarskurðarins. Greinilegur torfveggur með svartri gjósku og sandlagi. Ljós. GZ.

Nýrst í sniðinu er svo steinhleðslan. Sunnan hennar er mjög glögg torfhleðsla en í torfinu liggja í lögum svarta gjóskulagið og gráa sandlagið sem liggur ofan þess í norður skammsniðinu. Torfið er því mjög dökkleitt. Veggurinn er vel greinanlegur á um 1,1m kafla. Neðsti hluti veggjarins er óhreyfður en ofanvert er greinilegt að hann hefur hrunið út á við til suðurs. Veggtorfið liggur þó í mjög greinilegum beinum röðum sem bendir til

að það hafi sigið til suðurs í brekkunni en efsti hlutinn hefur þó hrunið því þar verður torfið rótaðra. Ofan þessa torfveggjar og ofan steinaraðarinnar er rótað torflag um 50cm að þykkt sem bendir til þess að veggurinn hafi eitthvað verið hlaðinn upp á síðari tímum. Undir steinaröðinni og milli hennar og torfveggjarins er samskonar rótað lag og sést inni í tóftinni, líkt og að fyllt hafi verið upp í hana með jarðvegi utan tóftarinnar. Svarta gjóskan sést heldur ekki í undir steinaröðinni. Neðan dökka torfsins er um 3cm þykkt fokmoldarlag og neðan þess dökka yfirborðslagið sem er í skurðinum öllum.

Vestast í dökkleitu torfhleðslunni voru tveir stórir steinar og lá sá stærri ofan þess minni. Steinarnir eru líklega hluti af vegghleðslunni en þó voru engin merki um frekara grjót í skurðinum eða mótstæðu sniði. Dökkleita torfið liggur yfir og umhverfis efri steininn og er þar nokkuð slitróttara sem bendir til að það hafi hrunið yfir steininn. Vestan þessara steina er svo um 70cm langt rótað svæði þar sem að greinilega hefur verið mokað upp jarðvegi. E.t.v. hefur þar verið tekinn hluti þess torfs sem að í veggnum. Neðan þessa uppmoksturssvæðis liggur óhreyft gráleitt sandlag sem greinilegt er í öllum suðurhluta skurðarins. Lagið er ekki eins greinilegt í norðurenda skurðarins en þar eru sandlinsur eða óverulegri flekkir í óhreyfðri moldinni. Vestan stóru steinanna tveggja sést sandlagið svo í nokkrum lögum ofan við þar sem það liggur óhreyft sem bendir til þess að þar hafi því verið mokað upp. Í vestursniði skurðarins eru sandlögin einnig hvert upp af öðru en ekki virðist þar vera um torf að ræða heldur fremur að þar hafi endurtekið runnið vatn um svæðið, líkt og greinilegt er víðar í skurðinum.

Ofan sandlaganna er svo rótaðra jarðlag þar sem greinilegur er dökki mýrarjarðvegurinn og einnig greinilegri rauðgulleit mýrarlög. Ekki var dökka gjóskan greinileg í rótaða laginu en þar var smá dreif af ljósu sendnu lagi, etv. gjóskulagi. Það var þó of ógreinilegt til að hægt væri að taka úr því sýni.

Engin merki fundust um aðra óhreyfða “in situ” gjósku. Ekki sást ljósa 1104 Heklulagið né heldur forsögulega gulleita H3 gjóskan sem greinileg er um allt land. Vera kann að malarlag neðst í skurðinum sé til komið vegna vatnsrennslis á svæðinu eftir að sú gjóska féll. Engin merki fundust heldur um gólflag sem tilheyrir gæti eldra byggingaskeiði, leifar um kol, ösku eða annað sem bent gæti til að þarna hafi verið mannbústaður.

Niðurstöður

Tekinn var könnunarskurður í tóft í landi Staðar í Hrútafirði sem fannst við skráningu fornleifa í tengslum við væntanlegar vegaframkvæmdir í botni Hrútafjarðar. Tóftin var einnig mæld upp með nákvæmu mælitæki.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að um sé að ræða stekk eða rétt og að aldrei hafi verið mannbústaður á þessum stað. Svarta gjóskan sem fannst kann að vera gjóska úr Heklugosi 1766 en gjóska úr því gosi mun hafa fallið á þessum slóðum.²⁴ Utan við tóftina eru um 25cm niður á þessa gjósku en engin önnur gjóskulög fundust

²⁴ Sigurður Þórarinnsson 1968, bls. 108-109.

sem gefið gætu til kynna afstöðu þessa gjóskulags til annarra laga. Hinsvegar bendir útlit, dýpt og ástand torfveggjarins til þess að ekki sé fjarri lagi að rústin kunni að vera frá 18-19 öld.

Merki eru um tvö byggingaskeið, eldra skeiðinu tilheyra grái torfveggurinn og tveir steinar vestast í honum en því yngra tilheyrir steinaröðin nyrst í veggnum og torfhleðsla við hana. Sé það rétt að tóftin hafi verið notuð á síðari hluta 19 aldar er ekki ólíklegt að bætt hafi verið við eldri torfvegginn og hann hækkaður þá. Steinaröðin tilheyrir því líklega seinna byggingarskeiðinu því að eldri torfveggurinn liggur nokkuð neðar í jörðu en hún. Einnig virðist tóftin að hluta til upp hlaðin þar sem að suður veggur hennar liggur efst í brattri brekku og nyrðri hluti tóftarinnar er að nokkru grafinn inn í brekkuna þar sem hún verður meira aflíðandi norðan við. Þá kann að hafa verið mokað úr brekkubrúninni til að jafna hana fyrir yngri vegghleðsluna og efnið verið notað til að slétta gólfið í tóftinni sem gæti útskýrt að dökka gjóskan kemur fyrir í flekkjum í jarðveginum inni í tóftinni. Greinilegt er að vatn hefur oft runnið um svæðið en nokkuð er um sandlög í sniðum.

Heimildaskrá

Annálar 1400-1800. Fjórða bindi. Reykjavík 1940-1948.

Annálar 1400-1800. Sjötta bindi. Reykjavík 1987.

Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Staðar í Hrútafirði. Eiríkur og Magnús Gíslasynir skráðu. Örnefnastofnun Íslands.

Bréfabók Þorláks biskups Skúlasonar. Heimildaútgáfa Þjóskjalasafns I. Reykjavík 1979.

Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í botni Hrútafjarðar*, 2005.

Eiríkur Gíslason, Staðarflöt. Munnleg heimild 8., 9. og 13. september 2005.

Íslendinga sögur. Fyrsta bindi. Landssaga og landnám. Reykjavík 1946.

J. Johnsen. *Jarðatal á Íslandi*, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1855-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn 1847.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Sjöunda bindi. Kaupmannahöfn 1940.

Konrad Maurer. *Íslandsferð 1858*. Reykjavík 1997.

Ný Jarðabók fyrir Íslands, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861. Kaupmannahöfn óársett.

Sigurður Þórarinnsson. *Heklueldar*. Reykjavík 1968.

Sturlunga saga I. Reykjavík 1946.

Sturlunga saga II. Reykjavík 1946.

Þorkell Zakaríasson, Brandagili. Símaviðtal við Bryndísi Zoëga þann 13. september 2005.

Þorsteinn Jósepsson, Steindór Steindórsson. *Landið þitt Ísland S-T.4*. bindi. Reykjavík 1983.

Listi yfir hnit og hæðir

ID	Austun	Norðun	M.Y.S
1	403162,264	518391,060	9,266
2	403162,231	518390,936	9,708
3	403162,232	518390,971	9,744
4	403162,189	518391,043	9,670
5	403162,189	518391,051	9,679
6	403162,188	518391,034	9,761
7	403162,187	518391,076	9,769
8	403162,176	518391,115	9,780
9	403162,182	518391,146	9,795
10	403162,144	518391,138	9,763
11	403162,143	518391,166	9,775
12	403162,152	518391,231	9,820
13	403162,147	518391,264	9,833
14	403162,163	518391,303	9,857
15	403162,149	518391,338	9,835
16	403162,159	518391,329	9,880
17	403162,159	518391,370	9,902
18	403162,169	518391,407	9,935
19	403162,163	518391,409	9,920
20	403162,143	518391,416	9,903
21	403162,174	518391,293	9,892
22	403161,957	518390,841	9,868
23	403161,879	518390,076	9,743
24	403161,632	518389,284	9,671
25	403161,767	518388,566	9,809
26	403161,488	518387,922	9,841
27	403161,541	518387,288	9,680
28	403161,325	518386,587	9,534
29	403161,288	518385,881	9,484
30	403161,303	518385,157	9,397
31	403161,128	518384,446	9,250
32	403161,004	518383,538	9,250
33	403160,898	518383,016	9,183
34	403160,742	518382,151	9,045
35	403160,820	518381,594	9,187
36	403160,781	518380,810	9,049
37	403160,724	518379,990	8,854
38	403160,706	518379,043	8,920
39	403160,490	518378,476	8,990
40	403160,704	518378,532	9,058
41	403161,331	518378,329	9,200
42	403161,576	518378,250	9,026
43	403162,070	518378,233	9,129
44	403162,004	518378,375	9,164
45	403162,284	518378,982	9,390
46	403162,315	518379,518	9,379
47	403162,514	518380,300	9,708
48	403162,654	518380,759	9,979
49	403162,616	518381,322	9,943
50	403162,695	518382,091	10,144
51	403163,058	518382,699	10,248

ID	Austun	Norðun	M.Y.S
52	403163,159	518383,504	10,316
53	403163,285	518384,009	10,375
54	403163,254	518384,517	10,317
55	403163,357	518384,971	10,462
56	403163,273	518385,307	10,445
57	403163,371	518385,696	10,559
58	403163,367	518386,191	10,528
59	403163,610	518386,687	10,621
60	403163,549	518387,242	10,524
61	403163,774	518387,597	10,604
62	403163,845	518388,036	10,574
63	403163,844	518388,602	10,385
64	403163,867	518389,125	10,357
65	403163,874	518389,847	10,262
66	403164,140	518390,047	10,268
67	403164,839	518390,304	10,233
68	403165,112	518390,276	10,373
69	403165,174	518389,901	10,369
70	403165,213	518389,470	10,250
71	403165,229	518388,715	10,162
72	403165,156	518388,104	10,205
73	403165,027	518387,522	10,169
74	403164,974	518386,969	10,138
75	403164,888	518386,721	10,096
76	403164,787	518386,253	9,768
77	403164,809	518385,567	9,673
78	403164,592	518385,173	9,625
79	403164,716	518384,666	9,590
80	403164,458	518384,319	9,588
81	403164,467	518383,669	9,460
82	403164,424	518383,325	9,693
83	403164,389	518383,163	9,599
84	403164,324	518382,727	9,312
85	403164,381	518382,041	9,332
86	403164,181	518381,675	9,409
87	403164,268	518381,187	9,416
88	403164,126	518380,656	9,547
89	403164,123	518380,327	9,593
90	403163,878	518380,014	9,500
91	403164,020	518379,627	9,244
92	403163,970	518379,210	9,167
93	403164,074	518378,978	9,179
94	403164,326	518378,666	9,043
95	403164,722	518378,660	9,014
96	403165,155	518378,796	9,157
97	403165,423	518378,658	9,342
98	403165,274	518378,927	9,365
99	403165,040	518379,133	9,686
100	403165,092	518379,637	9,817
101	403164,945	518379,955	9,841
102	403165,198	518380,345	10,061

ID	Austun	Norðun	M.Y.S
103	403165,216	518380,580	10,007
104	403165,386	518380,902	9,956
105	403165,424	518381,316	10,023
106	403165,626	518381,967	9,795
107	403165,656	518382,595	9,917
108	403165,857	518383,075	10,070
109	403165,897	518383,583	10,042
110	403165,936	518383,955	10,009
111	403166,033	518384,503	10,128
112	403166,157	518385,211	9,990
113	403166,059	518385,775	10,145
114	403166,227	518386,312	10,394
115	403166,174	518386,592	10,617
116	403166,363	518387,101	10,630
117	403166,542	518387,716	10,634
118	403166,847	518388,522	10,400
119	403167,505	518388,583	10,588
120	403167,934	518388,506	10,581
121	403168,153	518388,229	10,638
122	403168,172	518387,619	10,598
123	403168,153	518386,972	10,618
124	403168,146	518386,409	10,730
125	403168,097	518386,125	10,684
126	403168,092	518385,743	10,578
127	403168,060	518385,167	10,430
128	403168,191	518384,541	10,279
129	403168,155	518383,938	10,099
130	403168,168	518383,682	10,098
131	403168,034	518383,243	10,353
132	403168,002	518382,905	10,259
133	403168,055	518382,557	9,906
134	403168,049	518381,999	9,784
135	403167,967	518381,283	9,698
136	403168,014	518380,884	9,876
137	403167,996	518380,539	10,123
138	403167,887	518380,530	10,101
139	403167,953	518380,356	10,130
140	403167,844	518380,149	10,071
141	403167,844	518379,905	9,849
142	403167,791	518379,575	9,794
143	403167,879	518379,024	9,675
144	403167,753	518378,742	9,347
145	403167,831	518378,598	9,278
146	403167,824	518378,358	9,266
147	403168,474	518378,310	9,267
148	403168,834	518378,124	9,516
149	403168,810	518378,426	9,666
150	403169,094	518378,752	9,980
151	403169,036	518379,166	10,131
152	403169,163	518379,636	10,279
153	403169,157	518379,987	10,423
154	403169,328	518380,263	10,552
155	403169,334	518380,826	10,497
156	403169,527	518381,270	10,316
157	403169,289	518381,820	10,126

ID	Austun	Norðun	M.Y.S
158	403169,731	518382,416	10,315
159	403169,763	518382,523	10,311
160	403169,604	518382,842	10,268
161	403169,754	518383,572	10,513
162	403169,847	518384,160	10,578
163	403169,887	518384,653	10,829
164	403170,083	518385,134	10,906
165	403170,188	518385,758	11,130
166	403170,229	518386,427	11,286
167	403170,394	518386,935	11,308
168	403170,290	518387,570	11,274
169	403170,654	518388,249	11,336
170	403171,079	518388,464	11,385
171	403171,475	518388,263	11,419
172	403171,872	518387,984	11,551
173	403171,723	518387,448	11,351
174	403171,826	518387,047	11,364
175	403171,716	518386,376	11,468
176	403171,738	518385,932	11,408
177	403171,532	518385,415	11,349
178	403171,700	518385,280	11,228
179	403171,542	518384,952	11,183
180	403171,610	518384,894	11,126
181	403171,503	518384,538	10,851
182	403171,584	518383,972	10,700
183	403171,468	518383,276	10,659
184	403171,287	518382,394	10,692
185	403171,398	518381,853	10,756
186	403171,043	518381,320	10,665
187	403171,205	518380,756	10,987
188	403171,055	518380,439	11,027
189	403170,907	518380,084	11,145
190	403170,877	518379,900	10,981
191	403170,993	518379,732	11,005
192	403170,985	518379,453	10,897
193	403170,995	518379,260	10,914
194	403171,368	518379,208	10,998
195	403171,829	518379,014	11,148
196	403172,391	518378,946	11,159
197	403172,585	518378,761	11,258
198	403172,745	518379,224	11,590
199	403172,550	518379,126	11,365
200	403172,696	518379,813	11,785
201	403172,588	518379,921	11,722
202	403172,843	518380,342	11,842
203	403172,596	518380,633	11,774
204	403172,753	518380,900	11,649
205	403172,802	518381,494	11,533
206	403172,700	518382,194	11,454
207	403172,990	518383,054	11,554
208	403172,895	518383,822	11,583
209	403173,225	518384,512	11,938
210	403173,184	518384,788	11,845
211	403173,466	518385,150	12,281
212	403173,190	518385,434	12,237

ID	Austun	Norðun	M.Y.S
213	403173,254	518386,022	12,486
214	403173,033	518386,356	12,484
215	403173,207	518387,094	12,405
216	403173,556	518387,322	12,519
217	403173,971	518387,238	12,396
218	403174,299	518387,209	12,391
219	403174,332	518386,709	12,340
220	403174,666	518386,199	12,328
221	403174,439	518385,773	12,173
222	403174,468	518385,276	12,163
223	403174,365	518384,933	12,033
224	403174,281	518384,700	11,800
225	403174,354	518384,168	11,813
226	403174,319	518384,057	11,666
227	403174,148	518383,578	11,316
228	403174,129	518382,943	11,134
229	403173,914	518382,190	11,269
230	403174,046	518381,634	11,264
231	403173,676	518381,168	11,290
232	403173,716	518380,705	11,433
233	403173,504	518380,451	11,551
234	403173,575	518380,304	11,453
235	403173,528	518380,133	11,469
236	403173,323	518379,857	11,406
237	403173,612	518379,707	11,301
238	403173,640	518379,605	11,273
239	403173,427	518379,382	11,075
240	403173,504	518379,283	10,963
241	403173,452	518379,167	10,938
242	403174,012	518379,138	11,085
243	403174,488	518378,899	11,137
244	403174,483	518379,282	11,259
245	403174,734	518379,665	11,440
246	403174,652	518380,187	11,491
247	403174,933	518380,479	11,438
248	403174,852	518381,082	11,305
249	403174,923	518381,504	11,199
250	403174,943	518381,968	11,310
251	403174,888	518382,664	11,281
252	403175,167	518383,214	11,469
253	403175,124	518383,856	11,610
254	403175,404	518384,389	11,594
255	403175,648	518384,833	11,551
256	403175,951	518384,504	11,429
257	403176,140	518384,082	11,446
258	403176,315	518383,641	11,304
259	403176,232	518383,089	11,265
260	403176,377	518382,594	10,993
261	403176,420	518382,009	11,029
262	403176,459	518381,415	10,995
263	403176,480	518380,814	10,843
264	403176,430	518380,284	10,719
265	403176,527	518379,885	10,596
266	403176,499	518379,386	10,680
267	403176,544	518379,027	10,730

ID	Austun	Norðun	M.Y.S
268	403162,264	518391,060	9,266
269	403173,769	518386,440	13,453
270	403173,634	518386,373	15,861
271	403174,011	518386,232	10,935
272	403174,694	518385,961	3,019
273	403174,746	518385,926	2,210
274	403174,769	518385,988	1,531
275	403174,803	518385,972	1,148
276	403174,804	518386,083	0,734
277	403174,847	518385,947	0,884
278	403174,862	518385,885	1,227
279	403174,811	518385,962	1,370
280	403174,763	518385,987	1,793
281	403174,707	518386,020	2,329
282	403174,646	518386,042	2,950
283	403174,598	518386,063	3,632
284	403174,556	518386,021	4,526
285	403174,381	518386,145	5,210
286	403174,129	518386,011	5,989
287	403173,642	518386,077	6,673
288	403172,864	518386,182	7,276
289	403172,130	518386,384	8,149
290	403171,319	518386,622	8,746
291	403170,572	518386,816	9,454
292	403169,842	518387,228	9,968
293	403169,065	518387,320	10,338
294	403168,345	518387,454	10,813
295	403167,592	518387,608	10,943
296	403166,790	518387,688	11,086
297	403166,131	518387,844	11,125
298	403165,631	518388,123	11,135
299	403165,037	518388,388	10,888
300	403164,335	518388,621	10,798
301	403163,794	518388,892	10,564
302	403163,180	518389,168	10,524
303	403162,643	518389,289	10,360
304	403162,090	518389,589	10,206
305	403161,809	518389,495	10,035
306	403161,360	518389,484	10,012
307	403161,270	518389,096	9,825
308	403160,999	518388,680	9,762
309	403161,458	518388,578	9,831
310	403161,844	518388,331	9,896
311	403162,530	518388,483	9,988
312	403163,018	518388,511	10,053
313	403163,440	518388,275	9,913
314	403163,937	518388,232	9,961
315	403164,427	518387,967	10,160
316	403165,052	518387,978	10,227
317	403165,475	518387,694	10,296
318	403165,992	518387,447	10,351
319	403166,668	518387,585	10,411
320	403167,356	518387,295	10,448
321	403167,946	518387,395	10,477
322	403168,650	518387,213	10,561

ID	Austun	Norðun	M.Y.S
323	403169,280	518387,179	10,668
324	403169,848	518386,916	10,673
325	403170,551	518386,761	10,800
326	403171,239	518386,574	10,947
327	403171,769	518386,386	11,035
328	403172,461	518386,562	11,083
329	403173,052	518386,137	11,177
330	403173,669	518386,045	11,296
331	403174,292	518385,719	11,385
332	403175,055	518385,898	11,544
333	403175,738	518385,583	11,789
334	403175,694	518385,234	11,695
335	403175,454	518384,984	11,551
336	403175,357	518384,699	11,374
337	403174,860	518384,649	11,241
338	403174,336	518384,886	11,234
339	403173,631	518384,979	11,140
340	403172,993	518385,243	11,107
341	403172,274	518385,587	11,001
342	403171,613	518385,831	10,977
343	403171,053	518386,166	10,992
344	403170,396	518386,425	10,940
345	403169,823	518386,675	10,993
346	403169,250	518386,889	10,968
347	403168,617	518387,061	10,841
348	403168,034	518387,085	10,815
349	403167,381	518387,336	10,661
350	403166,699	518387,511	10,545
351	403165,972	518387,612	10,524
352	403165,419	518387,781	10,404
353	403165,081	518387,920	10,432
354	403165,037	518387,928	10,508
355	403165,044	518387,938	10,522
356	403165,046	518387,960	10,532
357	403165,053	518387,975	10,543
358	403165,060	518387,983	10,563
359	403165,070	518387,961	10,574
360	403165,089	518387,965	10,604
361	403165,103	518387,996	10,628
362	403164,819	518387,981	10,569
363	403164,306	518388,094	10,393
364	403163,613	518388,210	10,282
365	403162,865	518388,292	10,137
366	403162,190	518388,154	10,036
367	403161,763	518388,323	9,865
368	403161,209	518388,425	9,628
369	403160,629	518388,546	9,536
370	403160,242	518388,459	9,570
371	403160,156	518388,028	9,845
372	403160,541	518387,948	10,092
373	403160,911	518387,590	10,114
374	403161,630	518387,764	10,458
375	403162,195	518387,500	10,544
376	403162,825	518387,441	10,592
377	403163,383	518387,185	10,697

ID	Austun	Norðun	M.Y.S
378	403163,907	518386,893	10,881
379	403164,470	518386,884	10,774
380	403165,215	518386,680	10,877
381	403165,875	518386,736	11,050
382	403166,512	518386,440	10,964
383	403167,372	518386,434	11,265
384	403167,890	518386,124	11,185
385	403168,585	518386,080	11,662
386	403168,976	518385,747	11,611
387	403169,539	518385,795	11,831
388	403170,121	518385,596	11,795
389	403170,712	518385,502	11,977
390	403171,294	518385,419	12,184
391	403171,751	518385,259	12,229
392	403172,314	518385,173	12,273
393	403172,878	518385,093	12,055
394	403173,529	518384,830	12,073
395	403174,047	518384,552	12,168
396	403174,465	518384,112	12,254
397	403175,027	518384,118	12,485
398	403175,643	518384,094	12,466
399	403176,316	518383,884	12,600
400	403176,988	518383,627	12,459
401	403177,358	518383,147	12,556
402	403177,593	518382,510	12,437
403	403177,303	518382,330	12,284
404	403176,670	518382,256	12,054
405	403176,157	518382,520	11,953
406	403175,630	518382,502	11,885
407	403175,309	518382,779	11,945
408	403174,935	518382,775	11,775
409	403174,586	518383,073	11,663
410	403174,300	518383,149	11,359
411	403173,820	518383,003	11,254
412	403173,397	518383,345	11,131
413	403172,879	518383,683	10,995
414	403172,338	518383,764	10,918
415	403171,827	518383,935	10,773
416	403171,192	518383,938	10,691
417	403170,725	518384,250	10,790
418	403170,085	518384,348	10,870
419	403169,642	518384,580	10,880
420	403169,362	518384,906	10,889
421	403168,835	518385,125	10,849
422	403168,409	518385,474	10,802
423	403167,873	518385,549	10,523
424	403167,246	518385,686	10,443
425	403166,738	518385,958	10,418
426	403166,210	518385,992	10,347
427	403165,542	518386,101	10,315
428	403164,947	518386,201	10,223
429	403164,384	518386,189	10,248
430	403163,914	518386,612	10,328
431	403163,304	518386,622	10,280
432	403162,818	518386,883	10,152

ID	Austun	Norðun	M.Y.S
433	403162,287	518386,925	9,893
434	403161,801	518387,122	9,750
435	403161,345	518387,117	9,746
436	403160,870	518387,407	9,610
437	403160,415	518387,294	9,440
438	403160,089	518387,249	9,206
439	403159,792	518387,040	9,116
440	403159,879	518386,603	9,217
441	403160,270	518386,210	9,194
442	403160,607	518386,036	9,215
443	403161,002	518385,851	9,284
444	403161,545	518385,856	9,427
445	403162,057	518385,696	9,510
446	403162,545	518385,545	9,688
447	403162,878	518385,295	9,882
448	403163,427	518385,258	9,915
449	403163,589	518384,947	9,952
450	403164,091	518385,145	10,034
451	403164,443	518384,947	9,991
452	403165,325	518384,896	10,058
453	403165,936	518384,608	10,061
454	403166,555	518384,575	10,173
455	403166,957	518384,172	10,156
456	403167,636	518384,070	10,189
457	403167,916	518383,645	10,365
458	403168,374	518383,653	10,698
459	403168,560	518383,544	10,800
460	403169,107	518383,469	10,736
461	403169,469	518383,331	10,492
462	403170,214	518383,208	10,470
463	403170,869	518382,769	10,396
464	403171,600	518382,610	10,443
465	403172,178	518382,315	10,430
466	403172,722	518382,401	10,560
467	403173,173	518381,979	10,611
468	403173,849	518381,973	10,779
469	403174,319	518381,656	10,943
470	403174,775	518381,585	11,177
471	403175,363	518381,552	11,301
472	403176,121	518381,340	11,322
473	403176,662	518381,211	11,502
474	403177,188	518380,932	11,562
475	403177,280	518380,547	11,428
476	403177,202	518380,013	11,381
477	403176,673	518380,076	11,342
478	403176,069	518380,131	11,223
479	403175,443	518380,138	11,204
480	403175,023	518380,441	11,230
481	403174,320	518380,554	11,042
482	403173,908	518380,880	10,774
483	403173,273	518381,192	10,546
484	403172,637	518381,478	10,350
485	403171,899	518381,642	10,308
486	403171,204	518381,998	10,181
487	403170,582	518382,559	10,240

ID	Austun	Norðun	M.Y.S
488	403169,846	518382,658	9,907
489	403169,097	518383,036	10,067
490	403168,830	518383,396	10,449
491	403168,375	518383,556	10,408
492	403167,928	518383,715	10,404
493	403167,422	518383,815	10,093
494	403166,863	518384,018	9,889
495	403166,294	518384,286	9,827
496	403165,525	518384,266	9,567
497	403164,920	518384,513	9,516
498	403164,280	518384,757	9,634
499	403163,685	518384,617	9,451
500	403163,304	518384,969	9,441
501	403162,911	518385,138	9,332
502	403162,360	518385,409	9,242
503	403161,844	518385,619	9,079
504	403161,344	518385,756	8,899
505	403160,769	518386,033	8,803
506	403160,366	518386,158	8,848
507	403159,941	518386,315	8,771
508	403159,439	518386,550	8,607
509	403158,856	518386,629	8,428
510	403158,296	518386,739	8,401
511	403157,874	518386,827	8,583
512	403157,581	518387,056	8,596
513	403157,443	518386,777	8,509
514	403157,285	518386,496	8,512
515	403157,651	518385,808	8,515
516	403158,170	518385,490	8,756
517	403158,639	518385,200	8,859
518	403159,180	518385,209	8,977
519	403159,623	518384,993	9,160
520	403160,122	518384,777	9,201
521	403160,663	518384,700	9,372
522	403161,089	518384,484	9,609
523	403161,686	518384,264	8,960
524	403162,129	518384,098	9,031
525	403162,614	518383,803	9,241
526	403163,021	518383,876	9,191
527	403163,464	518383,592	9,005
528	403163,905	518383,519	9,069
529	403164,668	518383,318	9,319
530	403165,384	518382,866	9,232
531	403165,825	518383,017	9,492
532	403166,308	518383,023	9,579
533	403166,977	518383,165	9,313
534	403167,659	518382,911	9,499
535	403168,166	518382,786	9,406
536	403168,985	518382,541	9,734
537	403169,711	518382,224	9,655
538	403170,354	518382,163	9,572
539	403171,173	518381,914	9,760
540	403171,879	518381,305	10,039
541	403172,427	518381,155	10,147
542	403173,026	518380,924	10,105

ID	Austun	Norðun	M.Y.S
543	403173,404	518380,646	10,339
544	403174,292	518380,457	10,400
545	403174,572	518380,299	10,821
546	403174,772	518380,342	10,915
547	403175,184	518380,295	10,873
548	403175,588	518380,278	10,658
549	403176,475	518379,810	11,255
550	403176,098	518379,734	11,057
551	403175,391	518379,569	11,359
552	403174,785	518379,642	11,056
553	403174,146	518379,695	11,117
554	403173,630	518379,616	11,240
555	403173,027	518379,843	11,249
556	403172,664	518379,949	11,154
557	403172,023	518380,052	11,037
558	403171,219	518380,020	11,145
559	403170,390	518380,273	11,089
560	403169,839	518380,411	11,273
561	403169,600	518380,570	11,441
562	403169,161	518380,689	11,137
563	403169,154	518380,786	11,191
564	403168,962	518380,763	11,277
565	403168,777	518380,752	11,245
566	403168,518	518381,098	11,247
567	403168,675	518381,229	11,012
568	403168,174	518381,089	11,117
569	403167,967	518381,135	11,151
570	403168,042	518381,431	10,999
571	403167,618	518381,309	10,904
572	403166,953	518381,406	11,042
573	403166,511	518381,578	10,954
574	403166,054	518381,719	10,711
575	403165,593	518381,490	10,720
576	403165,158	518381,661	10,619
577	403164,670	518381,748	10,403
578	403164,648	518381,803	10,478
579	403164,574	518381,817	10,376
580	403164,607	518381,703	10,218
581	403164,186	518381,698	10,219
582	403163,644	518381,804	10,164
583	403163,102	518381,933	9,930
584	403162,576	518381,821	9,896
585	403161,992	518382,062	9,586
586	403161,388	518382,015	9,428
587	403160,951	518382,163	9,229
588	403160,633	518382,062	9,371
589	403160,451	518381,704	9,277
590	403160,606	518380,988	9,766
591	403160,851	518380,576	9,520
592	403161,365	518380,235	9,624
593	403161,759	518380,522	9,315
594	403162,310	518380,105	9,887
595	403162,737	518380,152	9,715
596	403163,216	518379,845	9,743
597	403163,721	518379,776	9,768

ID	Austun	Norðun	M.Y.S
598	403164,075	518379,586	10,373
599	403164,463	518379,604	10,306
600	403164,797	518379,566	10,126
601	403165,349	518379,386	10,405
602	403165,423	518379,605	10,143
603	403165,826	518378,984	10,804
604	403166,289	518379,409	9,964
605	403166,728	518379,358	9,946
606	403167,478	518379,192	10,458
607	403168,122	518379,137	10,266
608	403168,727	518379,229	10,393
609	403169,373	518379,059	10,634
610	403169,974	518378,759	11,001
611	403170,604	518378,908	11,020
612	403171,023	518378,833	11,082
613	403171,646	518378,974	10,865
614	403172,303	518379,141	10,708
615	403172,953	518379,063	10,801
616	403173,540	518379,064	11,183
617	403174,123	518379,130	10,683
618	403174,933	518379,216	10,825
619	403175,250	518379,011	10,800
620	403175,083	518378,817	10,453
621	403174,816	518378,529	10,180
622	403174,353	518378,467	10,189
623	403174,019	518378,615	10,242
624	403173,675	518378,684	10,072
625	403173,091	518378,708	10,186
626	403172,639	518378,859	9,958
627	403172,241	518378,634	10,030
628	403171,619	518378,814	9,740
629	403171,223	518378,819	9,868
630	403170,741	518378,895	9,732
631	403170,423	518378,804	9,832
632	403169,859	518378,899	9,745
633	403169,222	518378,971	9,669
634	403168,679	518378,828	9,712
635	403168,105	518379,089	9,367
636	403167,503	518379,068	9,758
637	403166,953	518379,363	9,684
638	403166,449	518379,269	9,503
639	403165,937	518379,083	9,657
640	403165,304	518379,102	9,540
641	403164,662	518378,906	9,599
642	403164,109	518379,060	9,539
643	403163,587	518379,001	9,793
644	403162,953	518379,189	9,474
645	403162,348	518379,171	9,261
646	403161,590	518379,109	9,394
647	403160,989	518379,495	9,239
648	403160,440	518379,564	9,379
649	403160,283	518379,736	9,353
650	403160,179	518379,968	9,617
651	403160,147	518379,929	9,644
652	403160,124	518379,973	9,592

ID	Austun	Norðun	M.Y.S
653	403160,121	518379,910	9,607
654	403160,161	518379,882	9,755
655	403160,134	518379,792	9,538
656	403159,706	518379,998	9,488
657	403159,131	518379,999	9,546
658	403158,608	518380,464	9,320
659	403157,756	518380,934	9,509
660	403157,881	518381,361	9,664
661	403157,965	518381,846	9,516
662	403158,176	518382,116	9,581
663	403158,213	518382,770	9,480
664	403158,537	518383,074	9,713
665	403158,949	518383,289	9,900
666	403159,335	518383,261	9,872
667	403159,719	518383,742	9,520
668	403160,116	518383,406	9,775
669	403160,671	518383,721	9,628
670	403161,056	518383,388	9,736
671	403161,522	518383,728	9,747
672	403162,052	518383,424	9,918
673	403162,428	518383,683	9,777
674	403162,773	518383,905	9,663
675	403162,803	518384,473	9,791
676	403162,693	518384,688	9,566
677	403162,317	518384,661	9,259
678	403161,633	518384,820	9,057
679	403160,996	518384,967	8,748
680	403160,312	518384,974	8,751
681	403159,764	518384,973	8,232
682	403159,411	518384,872	8,337
683	403158,968	518384,424	8,517
684	403158,617	518384,569	8,076

Rannsóknaskýrslur

Byggðasafns Skagfirðinga:

- 1 **Villinganesvirkjun** – Mat á umhverfisáhrifum. Fornleifaskráning í hluta lands Tyrningsstaða, Keldulands, Stekkjarflata og Villinganess. Katrín Gunnarsdóttir september 1999.
- 2 **Hof í Hjaltadal** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
- 3 **Hólar í Hjaltadal** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir apríl 2000.
- 4 **Steinsstaðir í Tungusveit** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2000.
- 5 **Grafarós og Hofsós** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir febrúar 2001.
- 6 **Víðimelur í Skagafirði** – Fornleifaskráning. Katrín Gunnarsdóttir júní 2001.
- 7 **Reykjarhóll í Skagafirði**. Fornleifaskráning vegna fristundabyggðar. Katrín Gunnarsdóttir mars 2002.
- 8 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hnausa, Bjarnastaða, Másstaða og Hjallalands í Vatnsdal**. Ragnheiður Traustadóttir, Rúna Knútsdóttir Tetzschner, Sigríður Sigurðardóttir maí 2002.
- 9 **Fornleifaskráning á Hveravöllum** vegna deiliskipulags. Guðný Zoëga ágúst 2002.
- 10 **Fyrri hluti fornleifaskráningar fyrir Vestmanneyjar**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir desember 2002.
- 11 **Glaumbær**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags fyrir umhverfi prestsbústaðar, kirkju og safns auk aðalskipulagsskyldra minja utan þess svæðis í Glaumbæ I og II. Sigríður Sigurðardóttir febrúar 2003.
- 12 **Rannsókn á torf- og grjóthleðsluleifum í Skagafirði**. Anna Björg Bjarnadóttir og Sigríður Sigurðardóttir, 2002.
- 13 **Höfði á Höfðaströnd**. Fornleifaskráning fyrir skipulagsvinnu vegna sumarþústaðar í Höfðagerðislandi og fyrir aðalskipulag. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 14 **Hátún og Mikligarður**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 15 **Syðra-Skörðugil**. Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag. Sigríður Sigurðardóttir júlí 2003.
- 16 **Fornleifaskráning vegna umhverfismats snjóflóðavarna í Neskaupstað**. Guðný Zoëga júlí 2003.
- 17 **Fornleifaskráning vegna vegagerðar í landi Hvamms, Eyjólfsstaða, Bakka og Hofs í Vatnsdal**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir ágúst 2003.
- 18 **Kirkjugarður í Keldudal Hegranesi**. Drög að skýrslu. Guðný Zoëga, Þór Hjaltalin september 2003.
- 19 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag Varmahlíð, Reykjarhóll með Barði, Brún og Laugarbrekku. Einnig Hof, Fagrihvoll og Reykjarhólssel í Brekkulandi**. Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
- 20 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Reyðarfirði og Fáskrúðfirði**. Guðný Zoëga október 2003.
- 21 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag Áshildarholt**. Sigríður Sigurðardóttir nóvember 2003.
- 22 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag Kimbastaðir, Messuhólt og Lyngholt**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 23 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag Sjávarborg, Tjarnir, Lambagerði, Skógarbakki, Grænhóll**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 24 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag Borgargerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 25 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag Brennigerði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 26 **Fornleifaskráning fyrir aðalskipulag Gil, Tröð og Bergsstaði**. Sigríður Sigurðardóttir desember 2003.
- 27 **Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð**. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga janúar 2004.

- 28 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags í Fjarðabyggð**. Svæðisskráning. Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir janúar 2004.
- 29 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags Breiðdalsvíkur**. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga, Anna Rut Guðmundsdóttir, janúar 2004.
- 30 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Þingeyrum**. Guðný Zoëga, mars 2004.
- 31 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Skálmarbæ**. Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
- 32 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Arnarneslandi**. Ragnheiður Traustadóttir og Anna Rut Guðmundsdóttir, maí 2004.
- 33 **Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi**. Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2004.
- 34 **Hallormsstaður og nágrenni**. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
- 35 **Hálsþorp í Djúpavogshreppi**. Fornleifaskráning. Guðný Zoëga, nóvember 2004.
- 36 **Neðri-Ás í Hjaltadal**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 37 **Vopnafjörður**. Heimildaskráning vegna væntanlegra vegaframkvæmda. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 38 **Fornleifaskráning vegna aðalskipulags á Langholti Skagafirði**. Grófargil, Brautarholt, Stóra-Seyla, Torfgarður, Ytra-Skörðugil I og II, Halldórsstaðir, Jaðar og Páfastaðir. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga desember 2004.
- 39 **Fornleifakönnun í landi Arnarness, Garðabæ**. Daniel Rhodes, Ragnheiður Traustadóttir október 2004.
- 40 **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Urriðaholti í Garðabæ**. Ragnheiður Traustadóttir og Rúna Knútsdóttir Tetzschner, febrúar 2005.
- 41 **Fornleifaskráning Vopnafjarðar, Svæðisskráning**. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga, maí 2005.
- 42 **Sauðá í Borgarsveit**. Fornleifaskráning vegna aðalskipulags. Guðmundur St. Sigurðarson, Guðný Zoëga, Katrín Gunnarsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, júní 2005.
- 43 **Steinsstaðir í Hafnarfirði /Hamarsbraut 17**. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags. Auður Blöndal og Ragnheiður Traustadóttir, ágúst 2005.
- 44 **Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í botni Hrutafjarðar**. Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, október 2005.
- 45 **Greining mannabeina úr kirkjugarðinum í Keldudal, Hegranesi**. Framvinduskýrsla. Guðný Zoëga, september 2005.
- 46 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í Finnstungu, Bólstaðarhlíðarhreppi**. Guðný Zoëga, október 2005.
- 47 **Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði**. Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson, desember 2005.
- 48 **Fornleifakönnun vegna vegagerðar í botni Hrutafjarðar**. Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðardóttir, febrúar 2006.

Heimasíða Byggðasafns Skagfirðinga er:
www.skagafjordur.is/byggdasafn